Borealis

– norræn myndlist 1983

Fyrsta farsýning myndlistar á vegum Norrænu listmiðstöðvarinnar í Sveaborg stendur nú yfir. Hlaut hún nafnið *„Borealis – norræn list 1983“* og voru valdir til hennar þrír listamenn frá hverju Norðurlandanna, nema einn Færeyingur. Af Íslands hálfu eru þátttakendurnir þau Ásgerður Búadóttir, Gunnar Örn Gunnarsson og Magnús Tómasson, en Sviinn Tage Martin Hörling valdi verkin á vegum Sveaborgar.

Sýningunni var hleypt af stokkunum í Helsingfors Konsthall þann 27. maí á síðasta ári og stóð fram í júlí, en var þaðan flutt á Charlottenborg í Kaupmannahöfn, og nú síðast var hún í Listasafni Suður-Jótlands, þar sem henni lauk nú 15. janúar. Næsti áfangi hennar verður Kunstnernes Hus í Osló, en hingað á Kjarvalsstaði er hún væntanleg næsta sumar.



Íslendingarnir á sýningunni: Ásgerður, Magnús og Gunnar Örn

Allmikið hefur verið um sýninguna skrifað, og hafa nú borist umsagnir um Borealis í hinu nýja og glæsilega listasafni í Tönder. Ulf Gudmundsen skrifar í blaðið **Vestkysten** og segir: „Ísland kemur á óvart. Vefnaður Ásgerðar Búadóttur, með upphleyptum hrosshársflötum, er heillandi, og Magnús Tómas ítrekar af snilld hið gamalgróna hugmyndafrelsi Sögueyjunnar. Kassar hans með uppstoppuðum fuglum eru einkar áhrifaríkir: Hér gengur eggið á fótum, spörinn er sýndur sem stríðsþota, leðurblakan hefur sig til flugs og gott ef steinninn fær ekki líka vængi! Hér mætir auganu fugl í rafmagnsstól, gagnnístur söngvari, og margt annað ótrúlegt er á seyði. Hinn þriðji Íslendinganna er Gunnar Örn Gunnarsson, sem er sjálfur talsverður örn í áhrifamiklu málverki sínu og kröftugu litum. Bravó Ísland!“

Í **Jydske Tidende** segir Morten Böcker: „Skoðandinn hefur mikið upp úr Borealis. Sýningin er stórkostlega eggjandi, hneykslandi, „geggjuð“, full af andstæðum – og í heild sinni tjáning þeirrar veraldar sem við lifum í. Og hér er það vel að merkja, að Norðrið er ekki neitt einangrað fyrirbæri á jarðarkringlu þessa áratugar.

Listamennirnir anda frjálslega, guði sé lof, því skelfing væri það leiðinlegt ef sýningin hefði verið skorin niður við einhvern „skandinaviskan samnefnara“. Það er fullt af slæmum dæmum slíkrar meðalmennsku annarsstaðar á hnettinum.

Borealis sýnir margan vott þess, að það sé raunverulega mikið um að vera í listinni nú um stundir. Og ef til vill með meiri hraða en jafnvel sá, sem opinn er fyrir flestum nýjungum, getur með góðu móti fylgt. Borealis er ein af mest spennandi sýningum sem Listasafn Suður-Jótlands hefur enn boðið upp á.

Í blaði þýskumælandi Jóta, **Der Nordschleswiger,** kallar Uwe Lempelius umsögn sína „Mögnuð listaverk tjá kalda storma okkar tíma“. Síðan segir hann: „Hér er ekki sýnd nein glaðleg stofulist, sýningin í teikni aflmikillar listar, þar sem fjallað er um ýmiskonar mannlegar hneigðir á myndrænan hátt. Hvergi bregður þar fyrir köldum formalisma af ætt l'art pour l'art-viðhorfa.

Fuglar Íslendingsins Magnúsar Tómassonar verka í senn sem ákæra og hrollvekja. Hann setur hluti sína á svið. Rós liggur undir fallöxi, spörfugl er reyrður niður í rafmagnsstól. Áhorfandinn hlýtur að spyrja sig: Hver var dómarinn? Þessar sviðsetningar Magnúsar Tómassonar eru listrænt fagurfræðilegar, en þær knýja skoðandann til þess að tengja þær hliðstæðum úr mannlífinu sjálfu.

Mjög fáir hlutir á sýningunni eru hugsaðir sem hrein hugleiðingarverk (Meditationsobjekte). Helst væri þar að nefna vefnaðinn. Ásgerður Búadóttir sýnir stærð og formrænan styrk í veggklæðum sínum, og með því að vefa í þau stríð hrosshársform tekst henni að skapa úr þeim sjálfstæðan hlutveruleika.

Þótt málaralistin hafi hvað eftir annað verið dæmd dauð, og einkum snemma á sjöunda áratugnum, þegar objektið – hlutgervingurinn – var í hæstum metum, koma samt stöðugt fram ungir listamenn sem notfæra sér þann gamla miðil, olíulitina, penslana og léreftið. Þannig skapar Íslendingurinn Gunnar Örn Gunnarsson – mannamyndir og andlit úr óblönduðum litflekkjum, sem eru þó í eðli sínu annað og meira: ímynd þeirra átakamiklu og sprengikenndu afla sem stjórna mannlegri tilvist. Í því minnir hann mjög á Francis Bacon.“ Uwe Lempelius lýkur grein sinni með þeirri ósk, sem margir sýningargestir muni taka undir, að Borealis mætti einnig finna sér gististað sunnan landamæranna.

fyrir SPRENGIDAG



Saltkjöt og baunir

Lítið við í verslunum okkar


Stórmarkaðurinn Skemmuvegi 4a

KRON Fellagörðum
KRON Snorrabraut
KRON Stakkahlíð
KRON Dunhaga
KRON Tunguvegi
KRON Langholtsvegi
KRON Hliðarvegi

KRON KAUPFÉLAG REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Sprengidagurinn

Saltkjöt, gular baunir.
Rófur, bacon og laukur.



Opið:
Mánud.–fimmtud. 9–19
föstud. 9–20
laugard. 9–16.

EUROCARD

JL húsið
Jón Loftsson hf.
Hringbraut 121 Sími 10600

